

Samband íslenskra sveitarfélaga - lögfræði- og velferðarsvið

Reykjavík 19. september 2019

b.t. framkvæmdastjóra sveitarfélaga

1905025SA SI  
Málalykill: 00.57

**Efni: Hvatning til sveitarstjórna í tengslum við Skólaþing sveitarfélaga 2019**

Ágæta sveitarstjórn.

Skólaþing sveitarfélaga 2019 verður haldið á Grand hóteli mánudaginn 4. nóvember. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er: *Á réttu róli?*

Á skólaþinginu verður lögð áhersla á að skoða skipan skólakerfisins út frá ólíkum sjónarhornum og hvernig hún þjónar nemendum og áskorunum um menntun til framtíðar.

Leitað verður til stjórnámálanna, fræðimanna og skólafólks en síðast en ekki síst ungs fólks.

Sambandið hefur, í samráði við Félag íprótta-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa sveitarfélaga, sent ungmennaráðum 4 spurningar (sjá meðfylgjandi) til umfjöllunar og óskað eftir því að þau taki þær til umfjöllunar og sendi sambandinu til baka niðurstöður sínar skriflega eða myndrænt. Með þessu bréfi óskar sambandið eftir því að spurningunum verði komið til ungmennaráðanna, með milligöngu þess starfsmanns sveitarfélagsins sem með þeim starfar, ásamt beiðni um umfjöllun á vettvangi þeirra.

*Þá hvetur sambandið sveitarfélög til þess að senda fulltrúa úr ungmennaráði sínu til skólaþingsins í föruneyti annarra fulltrúa sveitarfélagsins sem það sækja.*

Unnið er að því að fullgera dagskrá skólaþingsins og verður hún send út innan skamms.

Opnað verður fyrir skráningu á þingið 10. október.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Svandís Ingimundardóttir

skólamálafulltrúi